

greidd einhver þóknun fyrir ómak sitt, hefur sú venja myndast, að minnsta kosti í suð- 81
uramtinu og vesturamtinu, að greiða fyrir endurbólusetningu helming þeirrar borgunar, 18. júní.
sem eptir ofanefndu konungsbrjefi frá 1830 á að greiðast fyrir bólusetningu í fyrsta
sinn, en þaræð bólan kemur miklu sjaldnar út á þeim, sem eru endurbólusettir, og ó-
makslaunin fyrir endurbólusetninguna þessvegna opt mundu verða næsta lítil, ef þessi
lága borgun væri bundin því skilyrði, að bólan kæmi út, hefur að vísu stundum verið
veitt borgun fyrir endurbólusetningu, án tillits til þess, hvort bólan hefur komið út eða
ekki, en hitt sýnist þó vera hið eðlilegasta í sjálfu sjer, að skilyrðið fyrir borguninni sje
hið sama, hvort sem er að ræða um endurbólusetningu eða bólusetningu í fyrsta sinn.

Jeg finn því eptir atvikum ekki næga ástæðu til að breyta hinum ofan um-
getna úrskurði yðar, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að tilkynna kærandanum
þessi úrslit málsins.

Brjef landshöfðingja til landlæknisins um heimild smáskamtalækna til lyfja- 82
verzlunar. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 20. p. m., hafið þjer, herra landlæknir, eptir 21. júní.
beiðni hjeraðslæknisins í 9. læknishjeraði, gjört fyrirspurn til mín um það, hvort skottu-
læknar, er nefna sig smáskamtalækna, hafi heimild til að reka nokkra lyfjaverzlun á
Íslandi.

Útaf þessu læt jeg ekki hjálða að gefa yður til vitundar, að eins og yður mun
vera kunnugt hafa apotekararnir einkaleyfi til meðalaverzlunar, og að það er vitaskuld,
að skottulæknar ekki hafa heimild til að brjóta á móti þessu einkaleyfi, þótt þeir kalli
sig smáskamtalækna.

Brjef landshöfðingja til sjslumannsins í Skagafjarðarsýslu um hallærislán. — 83
Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Skagafjarðarsýslu 1000 kr. lán úr viðlagasjóði til 25. júní.
að afstýra hallæri í sýslunni, en amtsráðið hafði áður veitt samþykki sitt til lántöku
þessarar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um lán 84
handa Strandasýslu til að kaupa fyrir bjargræðisgripi. — Með þessu brjefi veitti 2. júlí.
landshöfðingi Strandasýslu 6000 kr. lán úr viðlagasjóði til að kaupa fyrir bjargræðisgripi
handa purfandi sýslubúum, en amtsráðið í vesturamtinu hafði á fundi sínum 18. og 19.
júní samþykkt lántöku þessa.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um með- 85
ferð á eptirskildum fjármunum stökumanns. — Í þóknanlegu brjefi frá 6. febr. p. á., 8. júlí.
hafið þjer, herra amtmaður, í tilefni af hvarfi Hjartar nokkurs Jónssonar úr Saurbæjar-
hreppi í Eyjafjarðarsýslu, borið upp þá fyrirspurn, hvernig framvegis skuli farið með
þær eignir þessa manns, sem hann hefur skilið eptir, og hvort nokkuð geti verið því
til fyrirstöðu, að farið verði í þessu tilfelli eptir 6. og 7. gr. í tilsk. 11. sept. 1839,
þótt lagaboð þetta sje eigi lögleitt á Íslandi.